

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 110/98
frá 1. desember 1998

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/98 frá 17. júlí 1998⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB frá 22. júní 1998 um breytingu á 12. gr. tilskipunar ráðsins 77/780/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana, 2., 5., 6., 7., 8. gr. og II. og III. viðauka tilskipunar ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárhlutfall lánastofnana og 2. gr. og II. viðauka tilskipunar ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 77/780/EBE sem er að finna í 1. lið III. hluta B-þáttar í XI. kafla í I. viðauka við lögin um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽³⁾ skulu felldir inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 172, 8.7.1999, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 8.7.1999, bls. 130.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 77/780/EBE) á eftir öðrum undirlið (önnur tilskipun ráðsins 89/646/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

- „- **1 94 N**: Lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 77/780/EBE), 18. lið (tilskipun ráðsins 89/647/EBE) og lið 30a (tilskipun ráðsins 93/6/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

- „- **398 L 0033**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB frá 22. júní 1998 (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB og aðlögunarliða við tilskipun ráðsins 77/780/EBE sem er að finna í 1. lið III. hluta B-þáttar í XI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 2. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 1. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner